

801. fundur

Árið 2024, er fundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum miðvikudaginn 15. maí, kl. 8:00 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Anton Kristinn Guðmundsson, Björn G. Sæbjörnsson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Sverrir Auðunsson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Sverri Auðunsson formaður stjórnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn.

Dagskrá:

- 1. Ársreikningur SSS 2023 – Kristján Ragnarsson endurskoðandi.*

Kristján Ragnarsson endurskoðandi Deloitte fór yfir ársreikning SSS vegna ársins 2023. Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi nam 162.868 kr. Eignir félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam 420.786.846 kr.

Rekstrartekjur ársins námu kr. 339.193.817,- en voru kr. 275.927.961,- á árinu 2022.

Stjórn S.S.S. samþykktir ársreikning 2023 og staðfestir hann með undirritun sinni.
- 2. Málafni Heilbrigðiseftirlita – Ásmundur Þorkelsson framkvæmdastjóri HES.*

Ásmundur Þorkelsson framkvæmdastjóri HES fór yfir fyrirhugaðar breytingar á heilbrigðiseftirlitum sveitarfélaganna sem lagðar voru fram í skýrslu ráðherra málaflokksins í ágúst 2023.

Niðurstaðan skýrslunnar var opinberlega 17. október 2023 en þar var m.a. fært til bókar:

„Hópurinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að leggja niður heilbrigðiseftirlit í núverandi mynd og færa málaflokkinn frá sveitarfélögum að nær öllu leyti til ríkisins“.

Þann 25.03.2024 var óskað eftir tilnefningum í stýrihóp til að fylgja eftir tillögum starfshópsins við innleiðingu á nýju eftirlitskerfi.

Framkvæmdastjóri HES fór yfir möguleg áhrif af þessum breytingum sem og þau verkefni sem gætu orðið eftir hjá sveitarfélögunum nái þessar breytingar fram að ganga

Stjórn S.S.S. þakkar góða kynningu. Kynningarglærur verða sendar stjórn svo hægt sé að kynna málið frekar í bæjarráðum sveitarfélaganna.

3. *Sóknaráætlun Suðurnesja - tilboð*

a. *Tilboð frá KPMG.*

b. *Tilboð frá VSÓ.*

Stjórn S.S.S. samþykkir að taka tilboði VSÓ og felur framkvæmdastjóra að undirrita samning við VSÓ.

4. *Niðurstöður Vorfundar S.S.S. – samantekt.*

Niðurstöður Vorfundar S.S.S. eru þær að 98% þeirra sem tóku þátt í slido könnunni töldu að það væri þörf fyrir breytingar. Góðar ábendingar komu til stjórnar um möguleg útbótatækifæri.

Um 51% fundarfólks studdi að fjöldi fagraða sé ákveðin af stjórn í framhaldi af stefnumótun. Stuðningur við að kennitala Markaðsstofu Reykjaness ses sé lögð niður og verkefni hennar verði áfram unnin innan S.S.S. var 94%.

Stjórn S.S.S. felur framkvæmdastjóra að vinna verkefnið áfram svo hægt sé að leggja til breytingar á skipulagi og samþykktum á aðalfundi S.S.S. 2024.

5. *Svæðis- og landshlutaáætlun í landgræðslu og skógrækt fyrir Reykjanesbæ. Kynningarglærur og fundargerð dags. 05.03.2024.*

Lagt fram og framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu.

6. *Innleiðing svæðisbundinna farsældarráða. Erindi dags. 30.04.2024 frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu ásamt kynningarglærum.*

a. *Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna laga um samþættingu í þágu farsældar barna.*

Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur verið að vinna að útfærslu á starfsemi farsældarráða barna, samkvæmt 5 gr. farsældarlaga. Hugmyndin er að stofnað verði farsældarráð í hverjum landshluta.

Í tengslum við þetta hefur ráðuneytið lýst yfir vilja sínum til þess að gerður verði viðaukasamningur við sóknaráætlanir landshluta um að landshlutasamtökin fái stuðning til þess að ráða verkefnastjóra í 2 ár til þess að útfæra starfsemi farsældarráða.



Samningurinn felur ekki í sér fjárhagslegar kvaðir fyrir sveitarfélögin en er fyrst og fremst yfirlýsing um að þau vilji eiga með sér samstarf um útfærslu á Farsældarráði Suðurnesja og skoðuð verði tækifæri til samstarfs í þessu verkefni. M.a. hefur mikið samstarf átt sér stað í gegnum Velferðarnet Suðurnesja og mætti skoða það vel að samtvinna þessi tvö verkefni.

Framkvæmdastjóra S.S.S. falið að senda sveitarstjórnnum á Suðurnesjum erindið frá ráðuneytinu ásamt gögnum til umsagnar.

7. Almenningsamgöngur til Keflavíkurflugvallar.

Stjórnin ræddi hallan af almenningsamgöngum sem hvílir á kennitölu S.S.S. en framkvæmdastjóri upplýsti að samtal væri í gangi við Innviðaráðuneytið um lúkningu þessa máls. Vonir standa til þess að niðurstaða verði komin í málið fyrir næsta fundar stjórnar.

Unnið er að endurskoðun á almenningsamgöngum til Keflavíkurflugvallar og verður skýrsla lögð fram á stjórnarfundi S.S.S. um leið og hún er tilbúin.

8. Önnur mál.

Næsti fundur stjórnar verður föstudaginn 5. júní, kl.8:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00.

Sverrir Auðunsson

Björn G. Sæbjörnsson

Anton K. Guðmundsson

Guðný Birna Guðmundsdóttir

Berglind Kristinsdóttir